

Landsréttur
06 205

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Landsréttur

kt. 470717-1060

Vesturvör 2, 200 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landsréttur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla og er áfrýjunardómstóll. Lögin tóku gildi 1. janúar 2018 og hófst þá eiginleg starfsemi en undirbúningur starfrækslu hófst síðla árs 2017.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 740,6 milljónir og afkoma kr. 13,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -2,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 110,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landsréttar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landsréttar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Björn L. Bergsson
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	725.800.000	636.000.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	2.322.686	1.375.587
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	12.484.065	11.093.381
Tekjur samtals		<u>740.606.751</u>	<u>648.468.968</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfamannakostnaður	4	633.437.810	532.316.929
Annar rekstrarkostnaður	5	80.911.367	158.175.807
Afskriftir	6	12.484.065	11.093.381
Gjöld samtals		<u>726.833.242</u>	<u>701.586.117</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		13.773.509	(53.117.149)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	7	(23.080)	(130.380)
		<u>(23.080)</u>	<u>(130.380)</u>
Afkoma ársins		<u>13.750.429</u>	<u>(53.247.529)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		65.269.798	76.739.934
Fastafjármunir samtals		65.269.798	76.739.934
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	39.819.613	26.562.612
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	26.896
Handbært fé	10	5.713.684	2.666.389
Veltufjármunir samtals		45.533.297	29.255.897
Eignir samtals		110.803.095	105.995.831
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	11	(2.009.895)	(15.760.324)
Eigið fé samtals		(2.009.895)	(15.760.324)
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	38.350	0
Viðskiptaskuldir		1.673.763	13.333.425
Ýmsar skammtímaskuldir	12	58.158.440	42.996.228
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	52.942.437	65.426.502
Skuldir samtals		112.812.990	121.756.155
Eigið fé og skuldir samtals		110.803.095	105.995.831
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		13.750.429	(53.247.529)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	12.484.065	11.093.381
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(12.484.065)	(11.093.381)
		<u>13.750.429</u>	<u>(53.247.529)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		26.896	(26.896)
Tengdir aðilar		(14.232.580)	47.836.292
Skammtímaskuldir		3.502.550	8.104.522
		<u>(10.703.134)</u>	<u>55.913.918</u>
		<u>3.047.295</u>	<u>2.666.389</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(1.013.929)	(11.313.432)
		<u>(1.013.929)</u>	<u>(11.313.432)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.013.929	11.313.432
		<u>1.013.929</u>	<u>11.313.432</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		3.047.295	2.666.389
		<u>2.666.389</u>	<u>0</u>
		<u>5.713.684</u>	<u>2.666.389</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskráttar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár

- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	725.800.000	636.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	12.484.065	11.093.381
	<u>738.284.065</u>	<u>647.093.381</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	705.500.000	0	0	705.500.000
Fjárveiting til tekna	725.800.000	0	0	725.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(712.049.571)	0	0	(712.049.571)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	13.750.429	0	0	13.750.429

	2019	2018
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Tekjur mótuneytis	1.462.686	1.375.587
Kostnaðarhlutdeild	860.000	0
	<u>2.322.686</u>	<u>1.375.587</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	508.506.607	401.437.826
Orlof, breyting	9.059.836	36.741.400
Launatengd gjöld	113.887.896	92.646.984
Starfsmannakostnaður	1.983.471	1.490.719
	<u>633.437.810</u>	<u>532.316.929</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	31,5	25,1

Skýringar

	2019	2018
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	837.356	1.601.308
Byggingarvörur, almennar	0	1.238.303
Byggingarvörur, aðrar	0	157.658
Tæki og búnaður til innréttinga	80.664	28.296
Ýmis tæki og áhöld	299.582	3.695.643
Orkugjafar	1.346.590	994.522
Matvæli	7.348.373	5.256.373
Almennar rekstrarvörur	1.523.803	4.551.652
Vörukaup, almenn	11.436.368	17.523.755
Kennslu- og fönðurvörur	14.380	4.750
Ýmsar sérgreindar vörur	0	24.299
Vörukaup, sérgreind	14.380	29.049
Fundur, námskeið, risna	984.012	1.646.328
Ferðir, uppihald	1.307.664	666.292
Akstur	551.165	269.938
Sérfræðiþjónusta	2.557.251	23.630.882
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	41.834	64.409
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	10.990	240.800
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.011.610	5.068.195
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.464.526	31.586.844
Afnotagjöld	10.400.253	38.140.206
Leigugjöld	49.993.553	48.203.875
Notkun véla og flutningatækja	25.500	21.090
Verkkaup	2.576.787	22.112.605
Kostnaðarhlutdeild	0	555.433
Opinber gjöld	0	2.950
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	62.996.093	109.036.159
Annar rekstrarkostnaður samtals	80.911.367	158.175.807
	31.12.2019	31.12.2018
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	65.269.798	76.739.934
	65.269.798	76.739.934

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019	89.686.715
Viðbætur á árinu	1.013.929
	90.700.644
Afskriftir 1.1.2019	12.946.781
Afskrift ársins	12.484.065
	25.430.846
Staða 31.12.2019	65.269.798

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	39.819.613	26.562.612
	<u>39.819.613</u>	<u>26.562.612</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	38.350	0
	<u>38.350</u>	<u>0</u>

10 Handbært fé

Tékkareikningar	5.713.684	2.666.389
	<u>5.713.684</u>	<u>2.666.389</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2019	31.12.2018
--	------------	------------

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(15.760.324)	37.487.205
Afkoma ársins	13.750.429	(53.247.529)
Jöfnuður 31.12.	<u>(2.009.895)</u>	<u>(15.760.324)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	47.594.120	38.534.284
Ógreidd laun	390.600	0
Önnur ógreidd gjöld	10.173.720	4.461.944
	<u>58.158.440</u>	<u>42.996.228</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	65.269.798	76.739.934
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(12.327.361)	(11.313.432)
	<u>52.942.437</u>	<u>65.426.502</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	76.739.934	(11.313.432)	65.426.502
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.013.929	(1.013.929)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(12.484.065)	0	(12.484.065)
	<u>65.269.798</u>	<u>(12.327.361)</u>	<u>52.942.437</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 7,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem er ótímabundinn og nema árlegar greiðslur kr. 49,3 milljónum. Einnig hafa verið gerðir rekstrar- og þjónustusamninga sem flestir eru ótímabundnir og nema árlegar greiðslur kr. 11,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.